

Fimmtudaginn 1. febrúar 1996.

Nr. 342/1994.

Radíóbúðin hf.

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

gegn

Vöruvernd hf.

Símafli hf. og

Tæknivali hf.

(Hjalti Steinþórsson hrl.)

Kaupsamningur. Skýring samningsákvæðis. Forsendubrestur. Riftun. Forkaupsréttur. Hlutafélög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 8. ágúst 1994. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefndu og málskostnaðar í hér-aði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu kröfðust í greinargerð sinni hér fyrir rétti staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Við munnlegan flutning málsins breyttu þeir kröfugerð sinni með vísun til þess, að óhjákvæmilegt væri að móta hana með gleggri hætti en verið hafði, án þess að í því fælist efnisleg breyting. Sú aðferð hafi verið höfð við útreikning á breyttri kröfugerð að bæta áföllnum vöxtum samkvæmt 5. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 af þeim hluta kröfu stefndu, sem telst ógjaldfallinn á hverjum tíma, við höfuðstól kröfunnar, sem standi eftir á hverjum gjalddaga. Hefur þessi breyting á kröfugerð stefndu verið samþykkt af hálfu áfrýjanda. Endanleg kröfugerð stefndu er þessi:

„Að áfrýjanda verði gert að greiða stefndu 2.586.921 kr. með dráttarvöxtum skv. 10. og 12. gr. vaxtalaga af 354.970 kr. frá 15. 1. 1993 til 15. 3. 1993, af 654.079 kr. frá þeim degi til 15. 5. 1993, af 947.239 kr. frá þeim degi til 15. júlí 1993, af 1.232.718 kr. frá þeim degi til 15. september 1993, af 1.515.478 kr. frá þeim degi til 15. nóvember 1993, af 1.798.027 kr. frá þeim degi til 15. janúar 1994, af 2.068.204 kr. frá þeim degi til 15. mars 1994, af 2.329.846 kr. frá þeim degi til 15. maí 1994 og af 2.586.921 kr. frá þeim degi til greiðsludags.“

Stefndu krefjast þess jafnframt, að ákveðið verði í dómi, að fjárhæð dómkröfu skiptist milli þeirra þannig, að Vöruvernd hf. fái 29,23 hundraðshluta hennar, Símafl hf. hljóti 26,92 hundraðshluta og Tæknival hf. fái í sinn hlut 43,85 hundraðshluta.

Þá krefjast stefndu staðfestingar á tildæmdum málskostnaði fyrir héraðsdómi, þannig að 100.000 krónur komi til hvers þeirra, auk málskostnaðar fyrir Hæstarétti, sem áfrýjanda verði gert að greiða hverjum um sig.

I.

Í máli þessu krefja stefndu áfrýjanda um greiðslu kaupverðs fyrir 65 hundraðshluta alls hlutafjár í Símsvali hf., sem var samanlögð eign þeirra í félaginu. Aðrir eigendur þess voru áfrýjandi að 25 hundraðshlutum og sænska fyrirtækið DORO AB að 10 hundraðshlutum.

Símval hf. var stofnað fyrri hluta árs 1991. Fólst starfsemi félagsins einkum í því að flytja inn og selja hvers kyns símbúnað. Hlutfé var upphaflega 5.000.000 krónur, en var síðar aukið í 7.000.000 krónur. Tap varð á rekstri félagsins árið 1991, og ekki tókst að stöðva hallareksturinn árið 1992. Samkvæmt milliuppgjöri, sem gert var í júlí það ár og miðaðist við stöðu félagsins 30. júní, var nánast allt eigið fé þá upp urið og nam það einungis 51.871 krónu. Ekki tókst samstaða meðal hluthafa um að auka hlutfé enn frekar til að bæta stöðu félagsins.

Forráðamenn Símsvals hf. hófu um líkt leyti viðræður við Óskar Rafnsson, stjórnarformann Rafkaupa hf., með það fyrir augum, að síðarnefnda félagið myndi yfirtaka Símsval hf. Hefur Óskar borið fyrir dómi, að áhugi sinn á kaupunum hafi byggst á því, að Rafkaup hf. hefðu hag af þessum viðskiptum að tvennu leyti. Annars vegar hefðu verðmæti falist í yfirfæranlegu rekstrartapi hjá Símsvali hf., sem hefði nýst Rafkaupum hf., og hins vegar í tveimur umboðum fyrir sænska og hollenska framleiðendur símtækja, sem Símsval hf. hafði með höndum. Einkum hefðu það þó verið umboðin, sem voru eftirsóknarverð. Að mati Óskars nam verðmæti fyrirtækisins að minnsta kosti þeirri fjárhæð, 3.500.000 krónum, sem Rafkaup hf. buðu í allt hlutfé í Símsvali hf. 3. september 1992. Í 2. grein tilboðsins kemur fram, að kaupverðið skyldi greitt með skuldabréfi til hvers hluthafa fyrir sig, „sem verði til 18 mánaða með vöxtum skv.

Seðlabanka Íslands á tveggja mánaða fresti, í fyrsta sinn 15. janúar 1993“. Í 4. grein segir, að verði tilboðið samþykkt, skuli gengið frá kaupum eigi síðar en 15. september 1992 að lokinni talningu og uppgjöri. 3. grein tilboðsins hljóðar svo: „Forsenda fyrir tilboðinu er í fyrsta lagi, að allir hluthafar samþykki sölu hlutabréfa sinna, sem og, að fjárhagsstaða félagsins hafi ekki versnað frá uppgjöri pr. 30. 6. 1992, sem nemur +/- 10%.“

Sama dag og Rafkaup hf. afhentu tilboð sitt lýsti áfrýjandi yfir því í bréfi til stjórnar Símváls hf., að hann óskaði eftir að neyta forkaupsréttar síns samkvæmt félagssamþykktum á hlutafé annarra hluthafa á grundvelli tilboðs Rafkaupa hf., enda gefi hluthafar yfirlýsingu um, að þeir falli frá forkaupsrétti sínum. Er áritun allra hluthafa um samþykki skráð á bréf áfrýjanda. Tók hann strax við rekstri Símváls hf. Rak áfrýjandi fyrirtækið til 7. október 1992, er hann lýsti yfir, að hann teldi sig óbundinn af tilboði sínu, þar sem staða Símváls hf. hefði augljóslega orðið lakari 5. september 1992 en frávik tilboðsins heimiluðu. Vísaði áfrýjandi til nýs milliuppgjors frá 22. september 1992. Samkvæmt milliuppgjörinu jókst rekstrartap frá ársbyrjun úr 4.959.367 krónum 30. júní 1992 í 5.850.337 krónur 5. september. Var eigið fé þá orðið neikvætt um 834.270 krónur.

Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti kom fram, að bú Símváls hf. hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta 28. janúar 1994. Var skiptum lokið síðar á sama ári.

II.

Í málinu krefja stefndu áfrýjanda um greiðslu til efnda á samningi, sem þeir telja hafa komist á með samþykki fyrrgreinds tilboðs. Áfrýjandi styður sýknukröfu sína í fyrsta lagi því, að samningur hafi aldrei komist á milli málsaðila um kaupin. Tilboð sitt hafi verið háð ákveðnu skilyrði um fjárhagsstöðu félagsins, sbr. 3. gr. þess. Í ljós hafi komið nokkru síðar, að skilyrðinu var ekki fullnægt. Beri því að líta svo á, að tilboðið hafi aldrei leitt til þess, að bindandi samningur hafi komist á, þótt stefndu hafi samþykkt þá yfirlýsingu áfrýjanda 3. september 1992, að hann vildi ganga inn í tilboð Rafkaupa hf.

Samkvæmt samþykktum Símváls hf. höfðu einstakir hluthafar allt að 30 daga frest til að svara því, hvort þeir kysu að neyta forkaupsréttar síns með því að ganga inn í sölutilboð í eignarhluta í félaginu.

Gilti sá frestur frá dagsetningu tilboðs. Áfrýjandi átti þess kost, er tilboð Rafkaupa hf. lá fyrir, að taka sér frest og biða eftir niðurstöðu milliuppgjörum um fjárhagsstöðu félagsins. Það gerði hann hins vegar ekki, heldur tók rekstur þess strax í sínar hendur. Hann gerði að auki margs konar aðrar ráðstafanir, þar á meðal að skipa nýja menn í stjórn félagsins og kynna öðrum eigendaskiptin, svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi. Gerðir hans verða ekki virtar á annan veg en þann, að hann hafi sjálfur litið svo á eins og viðsemjendur hans, að í tilboðinu fælist loforð, sem ætti að efna án tafar. Verður niðurstaða hins áfrýjaða dóms um þetta atriði því staðfest.

Þá heldur áfrýjandi í annan stað fram, að skilyrði 3. greinar tilboðsins heimili honum að rifta gerðum samningi, verði litið svo á, að samningur hafi komist á með málsaðilum. Hann telur efni ákvæðisins skýrt. Eðlileg túlkun orðalags þess sé sú, að það vísi til eigin fjár félagsins og hugsanlegra breytinga, sem á því kynnu að verða. Fyrir dómi lýstu tveir fyrirsvarsmenn áfrýjanda þeim skilningi sínum, að ef eiginfjárstaða Símvals hf. 30. júní 1992, sem var 51.871 króna, hefði rýrnað um meira en 10 hundraðshluta til 3. september sama ár, fælist í því forsendubrestur samkvæmt orðum 3. greinar tilboðsins. Hefur áfrýjandi við rekstur málsins byggt á því, að jafnvel þótt aðrir kostir um skýringu ákvæðisins þættu koma til álita, svo sem aukning á rekstrarhalla Símvals hf. á þessu tímabili, yrði niðurstaðan allt að einu sú, að skilyrðinu teldist ekki fullnægt og riftun væri því heimil.

Orðalag 3. greinar tilboðsins er óskýrt, þótt ekki sé litið til annars en þeirrar þversagnar, að samkvæmt hljóðan þess kynni fjárhagsstaða félagsins að hafa versnað um jákvæða stærð frá 30. júní til 3. september. Fram er komið, að áfrýjandi leitaði ekki neinnar skýringar Rafkaupa hf. á efni þessa tiltekna ákvæðis né tilboðsins að öðru leyti, er hann ákvað að ganga inn í það. Í Símvali hf. fólust verðmæti, sem að mati tilboðsgjafa réttlættu, að fyrir þau yrðu greiddar 3.500.000 krónur. Þegar það er virt, verður ekki fallist á skýringu áfrýjanda á orðalagi 3. greinar tilboðsins um „fjárhagsstöðu“ félagsins, en í túlkun hans felst, að frávik um rúmlega 5.000 krónur hefðu heimilað áfrýjanda að segja sig frá efndum samningsins.

Varðandi aðra kosti um merkingu tilvitnaðs orðs í 3. grein til-

boðsins hefur áfrýjandi ekki bent á annað en að það geti vísað til breytinga á rekstrarafkomu félagsins eftir 30. júní 1992. Ef orðið er virt eftir hljóðan sinni, er þessi skýringarkostur þó sýnu fjarlægari en sá, sem áður greinir. Er þá einnig til þess að líta, að óhjákvæmilegt hefði orðið að tilgreina með ákveðnari hætti, við hvaða atriði í rekstrarafkomu skyldi miða, svo sem, hvort miða ætti við allt rekstrar-tap félagsins frá upphafi, sem var um 7.000.000 krónur, tap á fyrri hluta árs 1992, sem var tæpar 5.000.000 krónur, eða meðaltap á mánuði fyrstu sex mánuðina á því ári, sem var rúmlega 825.000 krónur. Tapið á tímabilinu 1. júlí til 5. september 1992 var alls 900.970 krónur eða tæplega 450.000 krónur á mánuði. Ef miðað væri við tvo fyrstnefndu kostina, væri ekki fullnægt skilyrði áfrýjanda fyrir að vera bundinn af samningnum, en hið gagnstæða á hins vegar við um þriðja kostinn.

Kauptilboð í hlutafé í Símvali hf. og þar með einnig hið óljósa skilyrði 3. greinar var samið af Rafkaupum hf. Áfrýjandi heldur því fram, að hann eigi sama rétt til riftunar og Rafkaup hf. hefðu haft á grundvelli þessa skilyrðis, enda njóti hann ekki minni réttar að þessu leyti en hinn upphaflegi bjóðandi. Í tilboðinu fólst óljós áskilnaður um sérstakt hagræði handa tilboðsgjafa. Rafkaupum hf. og áfrýjanda var í lófa lagið að setja fram skilyrði fyrir tilboði sínu um slíkt hagræði með skiljanlegum hætti. Telja verður, að það standi áfrýjanda nær en viðsemjendum hans að bera áhættuna af því, að sérstakt skilyrði fyrir því að vera áfram bundinn af gerðum samningi var ekki fram sett með þeim hætti, að merking þess yrði nægjanlega ljós. Eins og málið liggur fyrir, þykir ókleift að leggja til grundvallar dómi, að jafnóskýrt skilyrði og hér um ræðir geti heimilað áfrýjanda að komast undan efndum samnings málsaðila, er milliuppgjör fyrir Símvál hf. lá fyrir 22. september 1992. Ræðst því niðurstaðan um sýknukröfu áfrýjanda af almennum reglum.

Eins og áður er rakið, var stöðugt tap á rekstri Símvals hf. frá upphafi. Þótt enn hafi nokkuð bæst við halla á rekstri félagsins á tímabilinu eftir 30. júní 1992, verður ekki talið, að það hafi falið í sér verulega vanefnd stefndu, sem heimili áfrýjanda riftun kaupanna, sbr. 1. mgr. 42. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39/1922.

Samkvæmt þessu verður staðfest sú niðurstaða héraðsdóms, að áfrýjandi sé bundinn af kaupunum og einhliða riftun þeirra hafi ver-

ið honum óheimil. Eins og málið liggur fyrir, er ekki tilefni til að taka afstöðu til þess, hvort áfrýjandi hafi átt rétt til afsláttar úr hendi stefndu.

Rétt þykir í ljósi allra atvika, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Radióbúðin hf., greiði stefndu, Vöruvernd hf., Símafli hf. og Tæknavali hf., 2.586.921 krónu með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 354.970 krónum frá 15. janúar 1993 til 15. mars sama ár, af 654.079 krónum frá þeim degi til 15. maí sama ár, af 947.239 krónum frá þeim degi til 15. júlí sama ár, af 1.232.718 krónum frá þeim degi til 15. september sama ár, af 1.515.478 krónum frá þeim degi til 15. nóvember sama ár, af 1.798.027 krónum frá þeim degi til 15. janúar 1994, af 2.068.204 krónum frá þeim degi til 15. mars sama ár, af 2.329.846 krónum frá þeim degi til 15. maí 1994, en af 2.586.921 krónu frá þeim degi til greiðsludags.

Öll fjárhæðin skal greidd stefndu þannig, að Vöruvernd hf. fái 29,23 hundraðshluta hennar, Símafl hf. fái 26,92 hundraðshluta og Tæknaval hf. 43,85 hundraðshluta.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 10. júní 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. maí sl., er höfðað af Vöruvernd hf., Ármúla 32, Símafli hf., Ármúla 32, og Tæknavali hf., Skeifunni 17, öllum í Reykjavík, gegn Radióbúðinni hf., Skipholti 19, Reykjavík, með stefnu, birtri 28. september 1993.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að hinu stefnda félagi verði gert að greiða 2.275.000 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Af hálfu stefnda eru gerðar kröfur um sýknu af öllum kröfum stefnenda og að stefnendur verði dæmdir in solidum til að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu.

Yfirlit málavaxta og ágreiningsefna.

Aðilar máls þessa voru allir hluthafar í hlutafélaginu Símsvali hf. Átti stefndi 25% hlutfjár í félaginu, sænska fyrirtækið Doro A/S 10%, en stefn-

endur samtals 65%, sem skiptust þannig á milli þeirra, að Vöruvernd hf. átti 19%, Símafl hf. 17,5% og TækniVal hf. 28,5%. Símsval hf. var stofnað árið 1991 af stefnendum, en síðar sama ár var hlutfé aukið, og keypti stefndi mestalla hlutfjáraukninguna og átti þá 25% af hlutfé félagsins. Félagið flutti inn og seldi alls kyns símbúnað. Reksturinn gekk ekki sem skyldi, og komu fram hugmyndir um að fá aukið hlutfé í félagið á miðju ári 1992, en af því varð þó ekki.

Hinn 3. september 1992 gerðu Rafkaup hf. tilboð í allt hlutfé félagsins fyrir 3.500.000 krónur, sem voru 50% nafnverðs. Tilboðið var samþykkt af öllum hluthöfum, en af hálfu stefnda var ákveðið að neyta forkaupsréttar samkvæmt samþykktum félagsins, og var stjórn Símsvals hf. tilkynnt það með bréfi, dags. sama dag. Gekk stefndi þannig inn í tilboð Rafkaupa hf., sem samþykkt var af öðrum hluthöfum í Símsvali hf. Stefnendur tilkynntu Hlutfélagaskrá um sölu á hlutum þeirra í félaginu með bréfi, dags. 17. september 1992. Einnig tilkynnti stefndi breytingar á stjórn hlutfélagsins til Hlutfélagaskrár 10. sama mánaðar, og jafnframt tilkynnti stefndi Íslandsbanka hf. um breytta prókúru á reikningi félagsins þar með bréfi, dags. 17. september sama ár.

Með bréfi stefnda, dags. 7. október 1992, var lýst yfir því, að stefndi væri fallinn frá því að ganga inn í tilboðið frá 3. september sama ár, þar sem staða félagsins væri „lakari við uppgjör 5/9 '92 en frávik tilboðsins heimiludu“, en þá hafði komið fram, að í milliuppgjöri fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 1992 vantaði nokkra reikninga í bókhald félagsins á tímabilinu, samtals að fjárhæð 498.664 kr. Var af hálfu stefnda talin brostin forsenda fyrir samningnum, en í tilboðinu segir, að forsenda fyrir því sé, að fjárhagsstaða félagsins hafi ekki versnað frá uppgjöri 30. júní 1992, sem nemi +/- 10%, eins og fram kemur í símskeyti stefnda 8. október 1992. Sama dag var af hálfu stefnda afturkölluð tilkynning til Hlutfélagaskrár um nýja stjórn og prókúruhafa Símsvals hf. Einnig var ítrekuð riftunarkrafa stefnda við stefnendur með bréfi, dags. 16. sama mánaðar.

Af hálfu stefnda var riftun stefnda á kaupunum hafnað með símskeyti lögmanns 7. október 1992. Var stefnda boðinn afsláttur af kaupverði með bréfi, dags. 21. október 1992, og aftur 27. október sama ár. Af hálfu stefnda var greiðsluskyldu hafnað, þar sem kaupunum hefði verið rift.

Stefnendur hafa höfðað málið til heimtu á skuld stefnda við þá samkvæmt kaupsamningi aðila frá 3. september 1992. Stefndu reisa sýknukröfuna á því, að forsendur samningsins væru brotnar, og hafi stefnda verið heimilt að rifta kaupunum. Stefnendur telja riftun ólögmeta, enda væru ekki skilyrði fyrir henni. Þá telja stefnendur, að stefndi hafi ekki getað skil-

að hinu selda vegna ráðstafana, er stefndi hafi gert, eftir að kaupin fóru fram, og því væri ómögulegt að láta kaupin ganga til baka, en þessu er mót-mælt af hálfu stefnda.

Helstu málsástæður aðila og réttarheimildir, sem þeir vísa til.

Stefnendur reisa kröfur sínar á því, að stofnast hafi gildur samningur milli málsaðila. Stefndi hafi vanefnt skyldur sínar samkvæmt samningnum, en stefnendur krefjast þess í málinu, að þær skyldur verði efndar. Enginn lagagrundvöllur sé fyrir riftun sammingsins. Stefnendur telja riftunaryfirlýsingu stefnda án nokkurrar lagastoðar og marklausa, þar sem riftun hafi ekki verið fylgt eftir með málshöfðun. Stefnendur hafi strax neitað að viðurkenna riftunina, enda væru frávik varðandi fjárhagsstöðu hins selda hlutafélags svo smávægileg, að slíkt ætti að leiða til afsláttar að tiltölu samkvæmt réttum skilningi sammingsins sem og lagaraka, en ekki riftunar. Einnig er skírskotað til, að stefndi hafi verið stór hluthafi í hinu selda félagi og m. a. átt mann í stjórn félagsins. Því hafi stefnda verið vel ljós staða hins selda félags og ástæður, er lágu að baki tilboðinu, sem stefndi gekk inn í. Í því sambandi hafi stefnda mátt vera ljóst, að ákvæði um frávik varðandi fjárhagsstöðu hins selda félags hafi verið sett vegna ákveðinnar óvissu. Sú óvissa hafi aðallega snúið að hugsanlegri kröfu stefnda um afslátt af kaupverði að tiltölu, ef forsendur stæðust ekki fullkomlega, en hafi ekki verið ætluð sem riftunarheimild. Stefnendur telja, að þeir hafi staðið við samninginn fyrir sitt leyti, en smávægileg frávik varðandi fjárhagsstöðu félagsins feli hvorki í sér heimild til riftunar né forsendubrest fyrir kaupunum, eins og haldið er fram af hálfu stefnda.

Af hálfu stefnenda er því haldið fram, að stefndi hafi við kaupin tekið við rekstri hlutafélagsins Símváls. Einnig er því haldið fram, að af hálfu stefnda hafi verið gerðar ráðstafanir, sem hafi raskað rekstri hlutafélagsins, eins og hann hafi verið, áður en kaupin fóru fram. Stefndi hafi tekið til sín vörur af lager Símváls hf., innflutning, dreifingu og umboð. Á þeim mánuði, sem stefndi hafði með höndum rekstur Símváls hf., hafi rekstrinum verið breytt þannig, að hið selda hafi ekki lengur verið til, þegar stefndi fór fram á riftun. Ætlun stefnda hafi ekki heldur verið að halda áfram óbreyttum rekstri, heldur hafi stefndi ætlað að taka við rekstrinum. Hafi m. a. erlend umboð Símváls hf. verið yfurfærð á nafn stefnda, allur innflutningur verið færður á nafn stefnda svo og sala og dreifing í heildsölu.

Þá er því haldið fram af hálfu stefnenda, að stefndi hafi aldrei skilað hlutafélaginu aftur til stefnenda, enda hafi það ekki verið unnt, eins og áður er komið fram. Af hálfu stefnda hafi þess ekki heldur verið gætt að

halda rekstrinum áfram, þar til leyst væri úr riftunarmálinu, til þess að halda hinu selda í því ástandi, sem það var í, þegar kaupin fóru fram, að svo miklu leyti sem það hafi verið unnt. Stefnda hafi verið skylt að búa svo um hnútana, að sem minnstur skaði yrði vegna ráðstafana á eignum og málefnum hins selda hlutafélags, eftir að stefndi ákvað að rifta samningnum. Í stað þess að gæta að hagsmunum allra málsaðila hafi forsvarsmenn stefnda hætt afskiptum af rekstri hlutafélagsins og fyrirtækinu verið lokað.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að galli sé á kröfugerð stefnenda, þar sem gerð væri krafa um greiðslu á andvirði hlutafjár stefnenda í Símvali hf., án þess að jafnframt sé afsalað eða boðið afsal á því hlutafé, sem um væri að ræða. Þetta eitt sér eigi að leiða til sýknu stefnda.

Sýknukrafa stefnda er jafnframt reist á því, að kauptilboðið frá 3. september 1992 hafi ekki verið endanlegur kaupsamningur, heldur skilyrt tilboð. Ef forsendur þess stæðust, skyldi gengið frá kaupunum eigi síðar en 15. september sama ár, eins og segi í tilboðinu. Aldrei hafi verið gengið frá kaupunum með formlegum hætti. Þá er af hálfu stefnda talið, að líta verði svo á, að uppgjör, sem fram hafi átt að fara vegna kaupanna, hafi ekki legið fyrir fyrr en með milliuppgjöri frá 22. september sama ár. Fyrir þann tíma hafi því í raun skort skilyrði fyrir því, að af formlegum kaupum gæti orðið. Stefndi hafi því verið í fullum rétti með að hverfa frá fyrirhuguðum kaupum og afsala sér ábyrgð á rekstrinum í hendur fyrri stjórnenda og eigenda. Stefndi hafi auk þess engar greiðslur innt af hendi, enda óljóst samkvæmt kauptilboðinu, hvernig greiðslutilhögun skyldi hagað í einstökum atriðum.

Af hálfu stefnda er byggt á því, að fyrirtækið hafi aldrei verið formlega afhent. Þótt stefndi hafi tekið við fyrirtækinu, hafi það aðeins verið í skamman tíma og eigi því ekki að hafa áhrif á úrslit málsins. Forsvarsmenn stefnda hafi á þeim mánuði, sem þeir höfðu umræddan rekstur með höndum, ekki haft ráðrúm til að gera allar þær ráðstafanir, sem stefnendur haldi fram, að gerðar hafi verið. Því er mótmælt af hálfu stefnda sem röngu og ósönnuðu, að stefndi hafi ráðstafað eignum Símvals hf. Einnig væri rangt, að þeir hefðu flutt erlend umboð Símvals hf. yfir á nafn stefnda, en ekkert þeirra erlendu umboða, sem Símvál hf. hafi annast sölu á, hafi verið yfirfært til stefnda, enda óumdeilt, að fyrrverandi framkvæmdastjóri Símvals hf. og aðrir aðilar hefðu nú með höndum sölu þeirra vörumerkja og umboða, sem Símvál hf. hafi höndlað með á sínum tíma. Samningurinn hafi því ekki verið efndur af stefnendum. Einnig væri röng sú staðhæfing stefnenda, að innflutningur Símvals hf. sem og dreifing og sala hefði verið færð yfir á nafn stefnda.

Verði hins vegar talið, að endanlegur og skuldbindandi kaupsamningur

hafi komist á, er riftun á samningnum studd þeim rökum, að fjárhagsstaða félagsins hafi verið lakari en forsendur kaupsamningsins hafi berum orðum gert ráð fyrir. Eiginfjárstaða félagsins hafi versnað úr því að vera jákvæð um 51.871 kr. í það að vera neikvæð um 834.270 kr., en með samanburði á uppgjöri 30. júní 1992 annars vegar og 5. september 1992 hins vegar komi þetta fram.

Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að eignaraðild stefnda í Símvali hf. og stjórnarseta fulltrúa stefnda í stjórn Símvals hf. breyti engu í þessu sambandi, enda hafi sá aðili ekki haft nein tók á því að fylgjast með rekstri félagsins frá degi til dags, heldur hafi af hálfu stefnda verið eingöngu byggt á sömu upplýsingum og upphaflegi tilboðsgjafinn, Rafkaup hf., hafi gert, þ. e. ársreikningum og milliuppgjörum, enda ekki gert ráð fyrir því af hálfu stefnenda, að aðrir stjórnarmenn hafi vitað, að fjárhagsstaðan hafi verið verri en ársreikningar og milliuppgjör bentu til.

Þá er af hálfu stefnda mótmælt þeim skilningi stefnenda, að fyrirvari um 10% frávik á fjárhagsstöðu félagsins hafi eingöngu verið atlaður sem fyrirvari vegna mögulegrar afsláttarkröfu stefnda og að sá skilningur hafi verið fyrirvarsmönnum stefnda ljós, enda ekkert minnst á afslátt í tilboðinu. Er því haldið fram, að hér hafi verið um ákvörðunarástæðu fyrir kaupunum að ræða. Auk þess væri sú staðreynd, að Símvall hf. hafi í raun verið gjaldþrota 3. september 1992, er kaupin fóru fram, nægjanlegur forsendubrestur, til að stefndi gæti rift kaupunum.

Því er haldið fram af hálfu stefnda, að réttaráhrif kaupanna hafi fallið niður 7. október 1992, er lýst var yfir af hálfu stefnda, að hann teldi sig óskuldbundinn af kaupunum. Frá þeim tíma hafi ráðstafanir stefnda miðast við að skila fyrirtækinu í sömu stöðu og það hafi verið í, þegar stefndi tók við því, að öðru leyti en því, sem leiddi af óbreyttum rekstri þetta tímabil. Innbyrðis viðskipti hafi verið leiðrétt með uppgjöri, dags. 11. nóvember 1992, tilkynnt hafi verið, að stefndi hafi fallið frá kaupunum, og lykklar verið afhentir starfandi framkvæmdastjóra Símvals hf. Því er mótmælt, að starfsemi félagsins hafi hætt og starfsstöð verið lokað. Engar ráðstafanir hafi verið gerðar til að loka starfsstöð Símvals hf. í Ármúla eða segja leigusamningi þar upp eða segja upp starfsfólki. Hins vegar hafi stefnendur vísað frá sér allri ábyrgð á starfsemi Símvals hf. með því að neita öllum afskiptum af hlutafélaginu. Því er jafnframt mótmælt, að stefnda hafi borið skylda til að reka fyrirtækið áfram eftir riftun kaupanna. Og loks er því mótmælt, að um frekari bókhaldslega röskun hafi verið að ræða í samskiptum félaganna aðra en þá, sem stefndi hafi leiðrétt sjálfur, eftir að til riftunar kom. Með uppgjöri stefnda við Símvall hf. hafi stefndi skilað félaginu aftur í hendur

stefnenda í sama eða sambærilegu ástandi og þeir tóku við því. Vísar stefndi til almennra ólögfesta reglna samningaréttarins um skilyrta samninga og forsendusjónarmið svo og til almennra reglna kaupalaga, einkum 1. mgr. 42. gr., og 58. gr. laga nr. 39/1922. Þá er vaxtakröfum stefnenda mót-mælt af hálfu stefnda, enda eigi þær sér ekki stoð í III. kafla vaxtalaga.

Niðurstöður.

Þá er stefnendur samþykktu tilboð stefnda um að ganga inn í tilboð Rafkaupa hf. 3. september 1992, komst á bindandi samningur milli málsaðila um kaup stefnda á hlutfé stefnenda í Símvali hf. Stefnendur hafa þegar efnt samninginn fyrir sitt leyti með því að afhenda stefnda rekstur Símvals hf. Skiptir því ekki máli um kröfugerð stefnenda, hvort þeir hafi afsalað eða boðið afsal á hlutfénu, sem stefndi keypti af þeim. Þegar jafnframt er litið til þess, að stefndi tók við rekstri Símvals hf. og tilkynnti Hlutfélagaskrá og viðskiptabanka hlutfélagsins um breytingu á stjórn og prókúru þess, þykir stefndi ekki geta borið fyrir sig, að samningurinn um hlutfjárkaupin hafi ekki komist á milli málsaðila.

Sýknukrafa stefnda er að öðru leyti reist á því, að stefnda hafi verið heimilt að rifta kaupunum, þar sem í tilboðinu, sem samningur málsaðila byggist á, komi fram, að forsenda fyrir því sé, að fjárhagsstaða félagsins hafi ekki versnað frá uppgjöri 30. júní 1992 sem nemi +/- 10% (sic). Í þessu tilviki er alls ekki ljóst, hvað vakti fyrir forsvarsmönnum stefnda með þessum tiltekna fyrirvara. Orðalagið er ekki frá þeim sjálfum komið, heldur frá upphaflegum tilboðsgjafa, Rafkaupum hf., samkvæmt ráðleggingum endurskoðanda þess hlutfélags, eins og fram kom við munnlegar skýrslutökur fyrir dóminum. Í málinu hefur komið fram, að mönnum ber alls ekki saman um það, hvaða merking verði lögð í þennan fyrirvara. Telja verður ósannað, að með þessu orðalagi hafi átt að felast fyrirvari um riftun samningsins, en fram kom við skýrslutökur fyrir dómi hjá fyrirsvarsmanni Rafkaupa hf. og endurskoðanda, að ef breyting yrði á fjárhagsstöðu, eins og 3. tl. tilboðsins tilgreinir, yrði leitað eftir lækkun á kaupverði. Samkvæmt uppgjöri 30. júní 1992 var tap á rekstri Símvals hf. 4.959.000 kr. fyrstu sex mánuði ársins eða um 826.000 kr. á mánuði. Mátti fyrirsvarsmönnum stefnda því vera ljóst, að reksturinn hafði gengið illa og engin ástæða til að ætla, að afkoman batnaði til muna, enda höfðu engar teljandi breytingar orðið á rekstrarforsendum. Í þessu sambandi skiptir máli, að stefndi átti mann í stjórn Símvals hf. Með hliðsjón af þessu verður ekki talið, að breytingin á bókfærðu eigin fé á tveggja mánaða tímabilinu frá 30. júní 1992 til 5. september 1992, þ. e. 886.141 kr., hafi kipt grunninum undan forsendum fyrir tilboðinu, svo að

stefnda hafi af þeim ástæðum verið heimilt að rifta kaupunum. Dómurinn telur þó, að þar sem forsendur breyttust um fjárhagsstöðu Símváls hf., eftir að kaupin fóru fram, hafi stefndi átt rétt á afslætti af kaupverðinu samkvæmt 1. mgr. 42. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39/1922, en þar sem ekki hefur verið gerð krafa um lækkun á kaupverði hlutafjárins, kemur slík úrlausn ekki til álita, sbr. 111. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Með vísan til þessa þykir rétt, að kröfur stefnenda verði teknar til greina. Rétt þykir þó að reikna vexti, eins og skuldabréf hefði verið gefið út samkvæmt tilboðinu á dskj. nr. 3. Samkvæmt því reiknast vextir af skuldinni eins og segir í 5. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 1. gr. laga nr. 67/1989, frá 3. september 1992 til 15. janúar 1993, en þá reiknast dráttarvextir af afborgun og vöxtum, sem þá hefðu fallið í gjalddaga samkvæmt 3. tl. tilboðsins, og með sambærilegum hætti af öðrum greiðslum, sem fallið hefðu í gjalddaga á tveggja mánaða fresti með jöfnum greiðslum í 18 mánuði, þar til skuldin hefði verið að fullu greidd. Áfallnir dráttarvextir bætast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, eins og krafist er.

Rétt þykir, að hið stefnda hlutafélag greiði stefnendum málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 300.000 kr., og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dóm þennan kváðu upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari og meðdómsmennirnir Benedikt Jóhannesson stærðfræðingur og Stefán Svavarsón dósent.

D ó m s o r ð:

Stefnda, Radíóbúðin hf., greiði stefnendum, Vöruvernd hf., Símafli hf. og Tæknivali hf. 2.275.000 kr. með vöxtum samkvæmt 5. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 1. gr. laga nr. 67/1989, af þeirri fjárhæð frá 3. september 1992 til 15. janúar 1993, en með dráttarvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá þeim degi af afborgun og áföllnum vöxtum samkvæmt framansögðu þann dag. Einnig reiknast vextir á sama hátt af síðari afborgunum, sem bætast við hverja afborgun á gjalddögum 15. mars 1993, 15. maí s. á., 15. júlí s. á., 15. september s. á., 15. nóvember s. á., 15. janúar 1994, 15. mars s. á., 15. maí s. á., og dráttarvextir reiknast af hverri gjaldfallinni greiðslu frá gjalddaga samkvæmt framangreindu til greiðsludags. Dráttarvextir leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, er vanskil hafa staðið í 12 mánuði.

Stefndi greiði stefnendum 300.000 kr. í málskostnað.